


Tónvísir

Fréttabréf Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
9. mars 2015

Forskólatónleikar



Forskólatónleikar í STAPA fimmtudaginn 12. mars.
Allir hjartanlega velkomnir.

Haldnir verða tvennir tónleikar:

Kl. 17
Akurskóli
Háaleitisskóli
Heiðarskóli

Nemendur mæti kl. 16.45. Snyrtilegur klæðnaður, muna eftir blokkflautum.

Kl. 18
Holtaskóli
Myllubakkaskóli
Njarðvíkurskóli

Nemendur mæti kl. 17.45. Snyrtilegur klæðnaður, muna eftir blokkflautum.

Hljóðfæranám

Forskólanám er m.a. hugsað sem grunnur fyrir hljóðfæranám. Þeir sem hafa áhuga á að stunda hljóðfæranám í Tónlistarskólanum næsta vetur, þurfa að sækja um skólavist. Hægt er að fylla út umsókn á „mittreykjanes“ eða á skrifstofu skólans. Vakin er athygli á að í Reykjanesbæ er heimilt að nemendur í 3.- 6. bekk stundi hljóðfæranám á skólatíma, óski forráðamenn eftir því. Þetta fyrirkomulag hefur fyrir löngu sannað gildi sitt.

Duglegir nemendur!

Það má með sanni segja að nemendur í 2. bekk Forskóladeildarinnar hafi staðið sig vel við undirbúning tónleikanna. Þeir hafa lært allt utanbókar og það krefst mikillar einbeitingar, vinnu og þolinmæði að ná þeirri samhæfingu sem til þarf.

Kæru nemendur.

*Verið dugleg að spila og syngja á hverjum degi.
„Æfingin skapar meistarann“*

Með bestu kveðju frá kennurum í Forskóla 2,
Bylgju Dís, Geirprúði, Grétu Rún, Sigrúnu Gróu og Tone

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, Hljómahöll, Hjallavegi 2
Sími 420-1400 Netfang: tonlistarskoli@reykjanesbaer.is
Vefsíða: tonlistarskoli.reykjanesbaer.is

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar er einnig á facebook.
Skrifstofan er opin mán., þrið., fimm. og fös. frá kl. 13-17 og mið. frá kl. 9-13